

TILSKIPUN RÁÐSINS 94/66/EB

frá 15. desember 1994

um breytingu á tilskipun 88/609/EBE um takmörkun á útblæstri tiltekinna mengunarefna frá stórum brennsluverum í andrúmsloftið(*)**RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 130. gr. s,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í framkvæmdaáætlunum Evrópubandalaganna um aðgerðir í umhverfismálum frá 1973 ⁽⁴⁾, 1977 ⁽⁵⁾, 1983 ⁽⁶⁾, 1987 ⁽⁷⁾ og 1993 ⁽⁸⁾ er lögð áhersla á mikilvægi þess að draga úr og koma í veg fyrir mengun andrúmsloftsins.

Í tilskipun 88/609/EBE ⁽⁹⁾ voru sett viðmiðunarmörk fyrir SO₂ vegna nýrra vera sem nota fast eldsneyti með nafnaköst varmaorku milli 50 og 100 MW. Í III. viðauka við þá tilskipun er þó tilgreint að ráðið skuli, á grundvelli skýrslu frá framkvæmdastjórninni, ákveða viðmiðunarmörk fyrir ver í þessum flokki.

Samkvæmt skýrslu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins um framboð á brennisteinsrýru eldsneyti hefur fundist lausn á þeim vanda sem olli því að töf varð á ákvörðun þessara viðmiðunarmarkna en því er einkum að þakka framboði á nægilegu magni af brennisteinsrýrum kolum á heimsmarkaði.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 337, 24. 12. 1994, bls. 83, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/96 frá 1. mars 1996 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 17, 22. 1. 1993, bls. 12.

(2) Stjtið. EB nr. C 201, 26. 7. 1993, bls. 4.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 14. september 1993 (Stjtið. EB nr. C 268, 4. 10. 1993, bls. 34). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 8. júní 1994 (Stjtið. EB nr. C 213, 3. 8. 1994, bls. 11) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. nóvember 1994 (Stjtið. EB nr. C 341, 5. 12. 1994).

(4) Stjtið. EB nr. C 112, 20. 12. 1973, bls. 1.

(5) Stjtið. EB nr. C 139, 13. 6. 1977, bls. 1.

(6) Stjtið. EB nr. C 46, 17. 2. 1983, bls. 1.

(7) Stjtið. EB nr. C 328, 7. 2. 1987, bls. 1.

(8) Stjtið. EB nr. C 138, 17. 5. 1993, bls. 1.

(9) Stjtið. EB nr. L 366, 7. 12. 1988, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 90/656/EBE (Stjtið. EB nr. L 353, 17. 12. 1990, bls. 59).

Með því að brenna slíkum kolum er hægt er að minnka útblásturinn í 2 000 mg/Nm³ ⁽¹⁰⁾.

Í ljósi þess skaða sem umhverfið verður fyrir vegna loftmengunar er nauðsynlegt að ákveða að viðmiðunarmörkin fyrir útblástur frá verum með nafnaköst varmaorku milli 50 og 100 MW verði á þessu bili.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**1. gr.**

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 88/609/EBE:

- í stað III. viðauka komi viðauki við þessa tilskipun;
- eftirfarandi undirgrein bætist við 1. mgr. 4. gr.: „Aðildarríkin mega kveða svo á um að ný ver með 50 MW nafnaköst varmaorku eða meira, en ekki yfir 100 MW, sem hafa fengið starfsleyfi fyrir frestinn til að fella tilskipun 94/66/EC(*) inn í innanlandslöggjöf skuli skylt að hlíta þeim gildum sem sett eru í III. viðauka í síðasta lagi einu ári eftir að fresturinn rennur út.

(*) Stjtið. EB nr. L 337, 24. 12. 1994, bls. 83.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en sex mánuðum eftir að hún öðlast gildi. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

(10) mg/Nm³ merkir milligrömm á rúmmetra við staðalaðstæður eða massi miðað við rúmmál lofttegundar gefið upp í fjölda rúmmetra við staðalhita (273 Kelvin) og staðalþrýsting (101,3 kílopasköl) eftir að gufuhald hefur verið dregið frá.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í
Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. desember 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

A. MERKEL

forseti.

VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

VIÐMIÐUNARMÖRK FYRIR ÚTBLÁSTUR SO₂ FRÁ NÝJUM VERUM

Fast eldsneyti

